

2004066 – Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðarkaupstaðar umsókn um stofnframlag

Með vísan til 3. mgr. 2. gr. reglna Hafnarfjarðarkaupstaðar um stofnframlög leggur Matsnefnd um veitingu stofnframlaga Hafnarfjarðarkaupstaðar til við bæjastjóra Hafnarfjarðarkaupstaðar að **Húsnæðisskrifstofu Hafnarfjarðar, kt. 570790-1029, Strandgötu 6, Hafnarfirði** verði úthlutað 12% stofnframlagi vegna kaupa á 14 almennum íbúðum ætlaðar félagslegu húsnæðiskerfi Hafnarfjarðarkaupstaðar. Áætlað kaupverð íbúðanna 14 samkvæmt umsókn er **kr. 520.080.000**. Stofnframlag (12%) er að fjárhæð **kr. 62.409.600** m.v. áætlað kaupverð íbúðanna.

Lagt er til að stofnframlagið verði veitt með beinu fjárframlagi. Með vísan til 5. mgr. 14. gr. laga nr. 52/2016 skal stofnframlagið veitt með því skilyrði að það verði endurgreitt þegar þau lán sem tekin voru til að standa undir fjármögnun þeirra almennu íbúða sem sveitarfélagið hefur veitt stofnframlag til, hafa verið greidd upp. Um endurgreiðslu stofnframlags skal fara eftir 16. gr. sömu laga.

Hafnarfirði, 20. apríl 2020

f.h. Matsnefndar um veitingu stofnframlaga
Sigríður Kristinsdóttir,
sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

Með vísan til 2. gr. reglna Hafnarfjarðarkaupstaðar um stofnframlög leggur bæjarstjóri til við bæjarráð að bæjarráð staðfesti með vísan til 1. mgr. 2. gr. sömu reglna, veitingu stofnframlags til **Húsnæðisskrifstofu Hafnarfjarðar kt. 570790-1029, Strandgötu 6, Hafnarfirði** vegna kaupa á 14 almennum íbúðum ætlaðar félagslegu húsnæðiskerfi Hafnarfjarðarkaupstaðar, sbr. tillaga Matsnefndar um veitingu stofnframlaga Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Stofnframlagið verður veitt með beinu fjárframlagi. Með vísan til 5. mgr. 14. gr. laga nr. 52/2016 er stofnframlagið veitt með því skilyrði að það verði endurgreitt þegar þau lán sem tekin voru til að standa undir fjármögnun þeirra almennu íbúða sem sveitarfélagið hefur veitt stofnframlag til, hafa verið greidd upp. Um endurgreiðslu stofnframlags fer eftir 16. gr. sömu laga.

Hafnarfirði, 21. apríl 2020

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri